

Yfirlýsing sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) við lok árlegrar úttektar á íslensku efnahagslífi 2026

Lausleg þýðing úr ensku – enski textinn gildir

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, undir forystu Metodij Hadzi-Vaskov og skipuð Thomas Gade, Amit Kara og Harri Kemp, átti fundi rafrænt dagana 26.-29. maí og í Reykjavík dagana 2.-11. júní 2026 m.a. með forsætisráðherra Kristrínu Frostadóttur, seðlabankastjóra Ásgeiri Jónssyni, fjármálaráðherra Daða Má Kristóferssyni og öðrum fulltrúum hins opinbera og einkageirans í tengslum við árlega úttekt sjóðsins á íslensku efnahagslífi (Article IV). Við lok heimsóknarinnar gaf sendinefndin út eftirfarandi yfirlýsingu:

Stjórnvöld hafa með viðeigandi hætti hert taumhald í hagstjórn til að bregðast við innlendum eftirspurnarþrýstingi. Þrátt fyrir það hafa launahækkanir verið töluverðar, verðbólga haldist mikil og verðbólguvæntingar háar. Jafnframt hefur aukin alþjóðleg óvissa vegna átaka í Mið-Austurlöndum aukið hættu á að hagvöxtur verði minni en ella og að verðbólga verði meiri. Meginverkefni hagstjórnarinnar eru því að koma verðbólgu í markmið og auka viðnámsþrótt gegn áföllum með því að auka svigrúm í ríkisfjármálum og halda áfram kerfislegum umbótum.

Hægt hefur á efnahagssumsvifum á undanförunum árum en verðbólguþrýstingur hefur haldist mikill. Dregið hefur verulega úr hagvexti frá miðju ári 2023 vegna aðhaldssamrar efnahagsstefnu, minna innflæðis vinnuafis og sértækra áfalla. Eftir samdrátt árið 2024 mældist hagvöxtur 2025, studdur af einkaneyslu og fjárfestingu. Á sama tíma var vöxtur útflutnings lítill á meðan innflutningur jókst vegna fjárfestingar í gagnaverum sem leiddi til aukins viðskiptahalla. Verðbólga var áfram vel yfir 2½% markmiði Seðlabanka Íslands sem endurspeglar viðvarandi þrýsting vegna hækkunar launa og húsnæðiskostnaðar og áframhaldandi hárra verðbólguvæntinga. Þrátt fyrir að vinnumarkaður hafi kólnað eru launahækkanir áfram meiri en framleiðnivöxtur sem eykur verðbólguþrýsting og áhyggjur af samkeppnishæfni. Ytri staða þjóðarbúsins er metin nokkru veikari en samrýmist undirliggjandi grunnþáttum.

Búist er við efnahagsbata, studdum af viðsnúningi í utanríkisviðskiptum, en gert er ráð fyrir að verðbólga aukist vegna stríðsins í Mið-Austurlöndum. Spáð er hægri aukningu hagvaxtar og að hann verði 1,8% árið 2026 og 2,1% árið 2027. Efnahagssumsvif eru studd af viðsnúningi í útflutningi og batnandi fjármálaskilyrðum. Talið er að meðalverðbólga verði áfram mikil eða 5,2% árið 2026 og 3,2% árið 2027, áður en hún nálgast markmið í upphafi árs 2028. Hagvöxtur til meðallangs tíma styðst við aukna framleiðni sem stafar af áframhaldandi fjölbreytni í útflutningsgreinum, m.a. í fiskeldi, líftækni, endurnýjanlegri orku og stafrænum innviðum, að því gefnu að áfram verði

unnið að því að efla samkeppnishæfni, draga úr skorti á sérhæfðu vinnuafli og styðja nýsköpun.

Aukin hætta er á að hagvöxtur reynist minni en verðbólga meiri. Helstu áhættuþættir felast í aukinni spennu í alþjóðamálum, meiri launahækkunum en búist er við og truflunum í lykilútflutningsgreinum. Megináhættan niður á við er ef stríð í Mið-Austurlöndum verður enn alvarlegra eða dregst á langinn. Hærra orkuverð samhliða þrengri fjármálaskilyrðum og minni hagvexti í helstu viðskiptalöndum – eins og gert var ráð fyrir í alvarlegri sviðsmynd í WEO-ritinu í apríl 2026 – gætu leitt til þess að efnahagshorfur versni töluvert. Í slíkri sviðsmynd yrði hagvöxtur 0,6 prósentum minni í ár og 0,5 prósentum minni árið 2027 og verðbólga yrði 0,8 prósentum meiri í ár og 1,7 prósentum meiri 2027. Minni þörf fyrir innflutt eldsneyti og hagstæð samsetning orkunotkunar draga þó úr neikvæðum áhrifum á Ísland samanborið við önnur þróuð ríki.

Ríkisfjármál: Að byggja upp svigrúm og styrkja viðnámsþrótt

Ríkisfjármálastefnan árið 2026 er hæfilega aðhaldssöm og styður við hjöðnun verðbólgu. Áformað aðhald í ríkisfjármálum felur bæði í sér tekjuöflunaraðgerðir og aðhald í útgjöldum sem á heildina dregur lítillega úr eftirspurn í hagkerfinu árið 2026. Helstu tekjuöflunaraðgerðir eru innleiðing kílómetragjalds á ökutæki og heilsárs áhrif breytinga á veiðigjöldum en aðhald í útgjöldum byggist á hagræðingu og skipulagsbreytingum hjá hinu opinbera. Þessi stefna er viðeigandi í ljósi þess að verðbólga er enn mikil og mikilvægt er að efla svigrúm í ríkisfjármálum. Jafnframt ættu tímabundnar aðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum hærra orkuverðs, þar á meðal lækkun virðisaukaskatts á eldsneyti, að vera til skamms tíma og falla niður eins og fyrirhugað er þar sem þær skekkja upplýsingagildi verðs og eru ekki nægilega markvissar. Ef orkuverð helst hátt lengur en nú er gert ráð fyrir ættu frekari aðgerðir að beinast að heimilum í viðkvæmri stöðu og vera fjármagnaðar með mótvægisáðgerðum annars staðar í fjárlögum til að tryggja að markmið um afkomu ríkissjóðs náist.

Markmið ríkisfjármála til meðallangs tíma eru hæfilega metnaðarfull og mikilvægt er að þeim verði fylgt eftir. Fjármálaáætlun gerir ráð fyrir að jafnvægi náist í ríkisfjármálum árið 2027 og að afgangur verði á ríkisfjármálum í kjölfarið sem myndi stuðla að áframhaldandi lækkun skulda hins opinbera. Þetta markmið er viðeigandi í ljósi þess að skuldir hins opinbera eru hærra en á Norðurlöndunum og þjóðarbúið viðkvæmt fyrir áföllum. Þótt fyrirhugaðar tekjuöflunaraðgerðir séu mikilvægar sem hluti stefnunnar er jafnframt gert ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í útgjöldum, meðal annars með því að draga úr launakostnaði hins opinbera. Spár sendinefndarinnar, sem byggja eingöngu á lögfestum aðgerðum, benda til þess að verði fyrirhuguðum aðgerðum fylgt eftir muni þær í aðalatriðum nægja til þess að ná markmiðum um afkomu ríkissjóðs. Til lengri tíma er búist við auknum útgjaldaþrýstingi vegna vaxandi útgjalda til heilbrigðismála og nauðsynlegra fjárfestinga í innviðum þótt hann sé hóflegur í samanburði við mörg önnur þróuð ríki.

Áfram lykiláskorun að samræma aðhald í ríkisfjármálum og fjárfestingu sem styður við hagvöxt. Auknar opinberar fjárfestingar, sérstaklega í orku- og samgönguinnviðum, eru nauðsynlegar til að vinna upp viðhaldsskuld, draga úr flöskuhálsum, styðja við fjölbreytni atvinnulífsins og auka framleiðslugetu hagkerfisins til lengri tíma. Áform stjórnvalda um stofnun ríkisfyrirtækis á sviði innviða og aukin áhersla á samvinnuverkefni hins opinbera og einkaaðila gætu hjálpað til við að örva frekari fjárfestingu. Mikilvægt verður að tryggja að tengd áhætta í ríkisfjármálum, þar á meðal ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings, sé vel afmörkuð, skráð með gagnsæjum hætti og háð reglubundnu eftirliti.

Ef frekari aðgerða reynist þörf til að ná markmiðum fjármálaáætlunarinnar, mæta langtímaútgjaldaprýstingi eða auka fjárfestingar í innviðum gætu stjórnvöld íhugað eftirfarandi:

- Tekjuöflunaraðgerðir: Hækkun lægra virðisaukaskattsprepsins og/eða þrenging á umfangi þeirra vara og þjónustu sem falla undir það gæti skilað viðbótartekjum sem nema allt að 0,5% af landsframleiðslu. Einnig mætti auka skattlagningu húsnæðis, m.a. með því að takmarka undanþágu frá fjármagnstekjuskatti vegna söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði og hækka fasteignaskatt á óbyggðu landi. Auk þess er svigrúm til að draga úr útgjöldum, m.a. með því að endurmeta hækkunina frá árinu 2020 á hámarki rannsóknar- og þróunarkostnaðar fyrirtækja sem veitir rétt til skattaívilunar.
- Hagræðing í opinberum útgjöldum: Greining okkar bendir til svigrúms til hagræðingar og endurforgangsröðunar útgjalda, m.a. með því að bæta árangur í menntakerfinu fyrir óbreytt útgjaldastig, endurskoða útgjöld til tómsunda- og afþreyingarþjónustu og halda aftur af vexti launakostnaðar hins opinbera. Slíkar umbætur gætu stutt við hagvöxt til meðallangs tíma og jafnframt styrkt sjálfbærni ríkisfjármála.

Reynist tekjuöflunaraðgerðir og hagræðing í útgjöldum ekki nægjanlegt til að skapa það svigrúm sem þarf til aukinna innviðafjárfestinga gætu stjórnvöld íhugað hægari aðlögun að skuldamarkmiðinu. Slík nálgun ætti að fylgja skýrri upplýsingagjöf um aðgerðir og tímasetningar þeirra til að undirstrika skuldbindingu stjórnvalda við fjármálareglur og skuldaviðmið til meðallangs tíma.

Öflug umgjörð um ríkisfjármál, studd af tímanlegum og áreiðanlegum gögnum, myndi styrkja trúverðugleika og gagnsæi stefnunnar. Breytt fjármálaregla ætti að stuðla að aðhaldi í útgjöldum til meðallangs tíma. Gildandi löggjöf veitir traustan grundvöll fyrir reglubundnu endurmati á núverandi 2% hámarki á vexti útgjalda í ljósi óvissu um framtíðarhagvöxt Íslands, viðkvæmni gagnvart áföllum og breytinga á samsetningu og kostnaði opinberrar þjónustu. Áframhaldandi viðleitni til að efla Fjármálaráð er jákvæð en mun krefjast verulegrar eflingar á styrk þess og fjárveitingu. Regluleg birting tímanlegra og sjálfstætt sannprófanlegra ársfjórðungslegra upplýsinga um ríkisfjármál, sem samræmast afmörkun fjármálareglunnar, myndi enn fremur auka gagnsæi. Í því samhengi undirstrikar nýleg óvissa um halla hins opinbera árið 2025 mikilvægi

tímanlegrar upplýsingamiðlunar og samhæfingar á milli stofnana. Að lokum myndi það auka gagnsæi enn frekar að útvíkka umfang fjárlaga og fjármálareglna þannig að hvort tveggja nái til allrar starfsemi ríkisins.

Peningastefna: Að tryggja varanlega verðbólgu við markmið

Aðhaldssöm peningastefna er áfram viðeigandi en þörf er á árvekni. Á meðan verðbólga og verðbólguvæntingar eru enn yfir markmiði hefur peningastefnan takmarkað svigrúm til að líta fram hjá ytri áföllum, þar á meðal áhrifum hærra alþjóðlegs orkuverðs vegna stríðsins í Mið-Austurlöndum. Nýleg hækkun meginvaxta endurspeglar þennan þrýsting og frekari vaxtahækkunar kunna að reynast nauðsynlegar á næstunni ef verðbólguþrýstingur verður viðvarandi eða eykst enn frekar.

Taumhald peningastefnunnar þarf að vera nægjanlega þétt um nokkurt skeið til þess að tryggja varanlega og sjálfbæra hjöðnun verðbólgu. Þegar verðbólguþrýstingur fer minnkandi væri hægfara lækkun meginvaxta viðeigandi en stefnan ætti engu að síður að vera áfram aðhaldssöm þar til kjölfesta verðbólgu og verðbólguvæntinga við markmiðið er tryggð. Greining okkar bendir til þess að spáð þróun verðbólgu sé samrýmanleg hægfara lækkun meginvaxta yfir tíma en að draga ætti varlega úr aðhaldi peningastefnunnar og ætti það jafnan að ráðast af nýjustu gögnum. Hætta á aukinni verðbólgu, sérstaklega vegna launaþróunar eða orkuverðs, myndi kalla á að vextir haldist háir lengur en ella, á meðan viðvarandi verðbólga undir markmiði myndi skapa svigrúm fyrir hraðari vaxtalækkunar.

Skýr upplýsingagjöf og gagnadrifin nálgun verða lykilatriði í núverandi umhverfi mikillar óvissu. Aukin áhersla á miðlun upplýsinga, einkum með kerfisbundinni notkun ólíkra sviðsmynda sem sýna tengsl launaþróunar, verðbólguvæntinga og viðbrögð peningastefnunnar, myndu auka gagnsæi og stuðla að traustari kjölfestu verðbólguvæntinga. Eftir því sem óvissa minnkar myndi hægfara þróun í átt að verðbólguþrýstingum sem byggir í auknum mæli á spám bæta fyrirsjáanleika og draga úr sveiflum.

Frekari styrking ytri varna myndi auka viðnámsþrótt. Efling gjaldeyrisforða, m.a. með reglubundnum gjaldeyriskaupum Seðlabanka Íslands, hefur aukið viðnámsþrótt hagkerfisins. Þótt gjaldeyrisforðinn teljist nægjanlegur í varúðarskyni myndi aukning hans í átt að efri mörkum viðmiðunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um nægjanlegan gjaldeyrisforða (ARA) draga enn frekar úr áhættu af völdum ytri áfalla og gengissveiflna. Samhliða þessu myndi frekari þróun gjaldeyrismarkaðarins, þar á meðal afleiðumarkaða, örva þátttöku fjárfesta, bæta möguleika til áhættudreifingar og styrkja virkni markaðarins í heild.

Fjármálakerfið: Varðveisla stöðugleika í ljósi vaxandi áhættuþátta

Bankakerfið er traust og kerfisáhætta takmörkuð en veikleikar eru til staðar á afmörkuðum sviðum. Bankarnir eru vel fjármagnaðir, arðbærir og lausafjárstaða þeirra er sterk, auk þess sem gæði útlána eru almennt góð. Hins vegar eru vísbendingar um aukna áhættu í tilteknum atvinnugreinum, einkum í byggingariðnaði og ferðaþjónustu, þar sem veikari eftirspurn og auknar birgðir hafa aukið áhættu. Húsnæðismarkaðurinn hefur kólnað með lækkandi raunverði og auknu framboði, sem hefur dregið úr spennu á markaðnum en jafnframt aukið áhættu fyrir efnahag heimila.

Núverandi aðhald þjóðhagsvarúðarstefnunnar er í meginatriðum viðeigandi. Eiginfjárauðkar bankanna eru áfram háir og hafa styrkt viðnámsþrótt fjármálakerfisins. Lánþegaskilyrði hafa reynst árangursrík við að takmarka áhættu og ætti að halda þeim að mestu óbreyttum, sérstaklega í núverandi umhverfi þar sem umsvif á húsnæðismarkaði hafa dregist saman. Nýleg slökun á skilyrðunum hjálpaði til við að vega upp á móti þrengri fjármálaskilyrðum í kjölfar dómsmála á íbúðalánamarkaði. Nú þegar áhætta tengd húsnæðismarkaði hefur minnkað ætti að halda lánþegaskilyrðunum óbreyttum til að forðast að ýta undir frekari samdrátt á húsnæðismarkaði, á sama tíma og þau gegna áfram hlutverki sínu sem vörn gegn uppsöfnun áhættu. Viðleitni til að draga úr vægi verðtryggðra íbúðalána gæti styrkt miðlun peningastefnunnar, en mikilvægt er að tímasetja og innleiða slíkar breytingar af varfærni í ljósi þess hlutverks sem slík lán gegna við að styðja við viðnámsþrótt lántaka og fjármálastöðugleika.

Halda þarf áfram að vinna úr ráðleggingum í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjármálakerfinu (FSAP). Við fögnum þeim umtalsverða árangri sem hefur náðst í innleiðingu ráðlegginga úr FSAP-úttektinni frá 2023. Frekari skref til að styrkja stjórnarhætti lífeyrissjóða og efla sjálfstæði fjármálaeftirlits eru áfram mikilvæg.

Kerfislegar umbætur: Aukin framleiðni og fjölbreyttara atvinnulíf

Til að viðhalda hagvexti til meðallangs tíma þarf meiri framleiðnivöxt og að stuðla að aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Eftir því sem ferðaþjónustan verður rótgrónari og framlag hennar til hagvaxtar verður stöðugra mun áframhaldandi bati lífskjara í vaxandi mæli ráðast af umbótum sem auka framleiðni og vexti atvinnugreina sem skapa meiri virðisauka. Sterkar undirstöður íslensks efnahagslífs, þar á meðal öflugur mannauður og góð stafræn hæfni, skapa traustan grunn fyrir slíka þróun.

Umbætur ættu að beinast að því að efla samkeppnishæfni fyrirtækja, nýsköpun og skilvirkni vinnumarkaðarins.

- Minni hindranir í regluverki og einfaldari leyfisveitingar myndu styðja við samkeppni og vöxt fyrirtækja. Ísland viðheldur enn tiltölulega háum aðgangshindrunum í ákveðnum þjónustugreinum, sem leiðir til mikils framleiðnimunar á milli fyrirtækja, óhagkvæmrar tilfærslu framleiðsluþátta og hærri álagningar, sem stuðlar að viðvarandi verðbólgu í þjónustugeiranum. Áframhaldandi viðleitni til að einfalda regluverk í því skyni að efla samkeppni og auka virkni atvinnulífsins er jákvæð. Næstu skref ættu m.a.

að felast í frekari einföldun leyfis- og samþykktarferla, rýmkun óþarflega íþyngjandi takmarkana á erlenda fjárfestingu og aðkomu erlendra aðila að markaði, auk einfaldara gjaldþrotakerfis fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að draga úr kostnaði við að hætta starfsemi og auðvelda tilfærslu fjármagns og vinnuafis til framleiðnari fyrirtækja og atvinnugreina.

- Að takast á við skort á sérhæfðu vinnuafli og að endurskoða fyrirkomulag launamyndunar er lykilatriði til að viðhalda samkeppnishæfni og styðja við hjöðnun verðbólgu. Aukinn kraftur í umbótum í menntakerfinu, aukið vægi starfs- og iðnmenntunar og betri tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar myndu draga úr misræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfni og auðvelda tilfærslu vinnuafis til atvinnugreina með meiri virðisauka. Hvað varðar launamyndun myndi það styrkja samhæfingu að opinberir starfsmenn tækju þátt í samræmdum kjaraviðræðum samhliða einkageiranum og að samningalotur væru betur samstilltar. Slíkt myndi stuðla að því að launaþróun í hagkerfinu væri í betra samræmi við framleiðnivöxt og verðbólguþröð. Aukið vald ríkissáttasemjara til að leggja fram sáttartillögur í bindandi atkvæðagreiðslu gæti auðveldað lausn langvarandi kjaradeilna.

- Nauðsynlegt er að loka innviðabili til að styðja við aukna fjölbreytni í atvinnulífinu og draga úr framboðshöðlum. Aukning framleiðslu- og flutningsgetu í orkumálum, bættir samgönguinnviðir og öflugri stafræn tenging og stafræn færni myndu draga úr flöskuhálsum og styðja við fjölbreyttara atvinnulíf. Einfaldari ferlar við samþykkt verkefna og skilvirkara skipulagsumhverfi myndu stuðla að hraðari og tímanlegri framkvæmd fjárfestinga.

- Aukin skilvirkni í stuðningi við rannsóknir og þróun og efling nýsköpunarumhverfisins myndu styðja enn frekar við vöxt fyrirtækja og aukna fjölbreytni atvinnulífsins. Þrátt fyrir hátt hlutfall útgjalda til rannsókna og þróunar hefur árangur á sviði nýsköpunar verið misjafn. Ísland skilar færri nýsköpunarafurðum en ætla mætti miðað við umfang fjárfestinga í rannsóknum og þróun. Þótt vistkerfi áhættufjármagns hafi eflst á undanföörnum árum er enn áskorun að styðja fyrirtæki til vaxtar eftir frumstig rekstrar. Aukin skilvirkni og markvissari útfærsla hvata til rannsókna og þróunar, ásamt frekari uppbyggingu markaðar fyrir áhættufjármagn, verður lykilatriði til að ná fram meiri árangri á sviði nýsköpunar.

Nýlegur umbótapakki stjórnvalda sem miðar að því að efla langtímahagvöxt samræmist vel helstu tillögum okkar um kerfislegar umbætur. Forgangsmál í atvinnustefnu stjórnvalda til ársins 2035, einkum á sviði orkuinnviða, einföldunar regluverks, menntunar í STEM-greinum og stuðnings við nýsköpun, beinast að lykilsviðum sem eru nauðsynleg til að auka framleiðni og hagvaxtargetu hagkerfisins. Þar sem verkefnaáætlunin er bæði umfangsmikil og metnaðarfull, með 35 aðgerðum á vegum tíu ráðuneyta í aðgerðaáætlun 2026–2027, verður lykilatriði að tryggja öflugna samhæfingu milli ráðuneyta, forgangsröðun aðgerða með mest áhrif og áframhaldandi eftirfylgni og upplýsingagjöf um framgang verkefna til að tryggja árangursríka og

tímanlega framkvæmd.

Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru eru pólitískar ákvarðanir sem fela í sér að vegna og meta ávinning af dýpri samþættingu og mögulegum auknum trúverðugleika annars vegar og minna sjálfstæði í efnahagsstjórn hins vegar. Aðild að Evrópusambandinu (og síðar evrusvæðinu) myndi auka samþættingu í viðskiptum og fjármálum, afnema gengisáhættu gagnvart evrusvæðinu og gæti stutt við fjárfestingu og framleiðnivöxt. Upptaka evru gæti einnig stuðlað að því að festa verðbólguvæntingar í sessi til lengri tíma lítið, auðveldað smám saman samleitni markaðsvaxta að vaxtastigi sambærilegra ríkja á evrusvæðinu og veitt aðgang að fjármálainnvíðum evrusvæðisins, þar á meðal bankasambandinu. Á hinn bóginn myndi upptaka evru fela í sér að sjálfstæð peningastefna og sveigjanleiki gengis yrðu ekki lengur til staðar. Þessi stjórnþæki hafa gengt mikilvægu hlutverki við að bregðast við stórum og stundum ósamhverfum áföllum á síðustu fimmtán árum. Missir sjálfstæðrar peningastefnu myndi auka mikilvægi ríkisfjármálastefnu sem stöðugleikastjórnþækis og gera ríkari kröfur til trausts gagnsveiflukenns ramma ríkisfjármála. Þar sem sveigjanleiki vinnumarkaðarins er þegar mikill ætti áherslan að beinast að því að tryggja að launapróun verði í samræmi við framleiðnivöxt og að hraða umbótum sem auka framleiðni, sem eru forsendur fyrir samkeppnishæfni gagnvart útlöndum, einkum þegar gengið er ekki lengur tiltækt sem aðlögunartæki. Ef ferlið til aðildar og upptöku evru heldur áfram undirstrika þessi sjónarmið jafnframt mikilvægi þess að ganga inn í myntbandalagið frá stöðu lítillar verðbólgu, sjálfbærra ríkisfjármála og gengi krónunnar í samræmi við undirliggjandi efnahagslega þætti. Það myndi draga úr hættu á að festa of hátt raungengi í sessi, sem gæti grafið undan samkeppnishæfni og þörf fyrir aðlögun í gegnum innri gengislækkun.

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vill þakka stjórnvöldum og öðrum viðmælendum fyrir góðar móttökur, sem og fyrir uppbyggileg og opinská samtöl á meðan á heimsókninni stóð.